

Breytingartillögur

við frv. til l. um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. Í stað orðanna „að fengnum meðmælum“ í 2. mgr. komi: að fenginni umsögn.
2. Við 5. gr. Á eftir orðunum „sem ráðnir eru til starfa hjá honum“ í 1. mgr. komi: svo og ábyrgðar sem leiðir af 3. málsl. 27. gr.
3. Við 18. gr. bætist ný málsgrein sem verði 6. mgr., svohljóðandi:

Félag fasteignasala ber kostnað af þeim störfum sem því eru fengin með lögum þessum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.
4. Við 19. gr.
 - a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Ráðherra ákveður þóknun nefndarmanna.
 - b. Í stað 2.–4. mgr. komi fimm nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Sérhver fasteignasali skal greiða árlegt eftirlitsgjald að fjárhæð 100.000 kr. til að standa straum af kostnaði við störf eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gjaldldagi gjaldsins er 1. júlí. Ef gjaldið er ekki greitt innan 30 daga frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af því skv. III. kafla laga um vexti og verðtryggingu. Félag fasteignasala annast innheimtu eftirlitsgjaldsins og stendur skil á því til eftirlitsnefndar Félags fasteignasala. Gera má aðför án undangengins dóms til fullnustu vangoldnu eftirlitsgjaldi, ásamt áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimilt að ráða sér starfsmann til þess að hún geti sinnt skyldum sínum.

Eftirlitsnefnd Félags fasteignasala er heimilt að kveðja sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða menn ef hún telur þörf á. Skulu þeir starfa með nefndinni við undirbúning og meðferð máls eftir ákvörðun formanns.

Um meðferð mála er lúta að áminningu og tímabundinni sviptingu löggildingar fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga að því leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

Nefndarmenn og starfsmaður nefndarinnar eru bundnir þagnarskyldu um allt sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara. Hið sama á við um þá sem nefndin kveður sér til ráðgjafar og aðstoðar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af störfum.
5. 8. mgr. 22. gr. orðist svo:

Fasteignasali skal greiða kostnað af rannsókn og meðferð máls hafi reynst tilefni til að svipta hann löggildingu tímabundið eða loka starfsstöð hans svo sem um getur í 7. mgr. Í ákvörðun nefndarinnar skal tekin afstaða til þess hvort fasteignasala er gert að greiða allan kostnað af rannsókn og meðferð máls eða aðeins hluta hans hafi ekki allar ávirðingar, sem á hann voru bornar, verið á rökum reistar. Ákvörðun nefndarinnar um málskostnað er aðfararhæf að liðnum málskotsfresti skv. 4. mgr. 23. gr.

Prentað upp.

6. Við 23. gr.
 - a. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 6. mgr. 22. gr. helst svipting löggildingar til fasteignasölu meðan mál er til meðferðar hjá ráðherra.
 - b. Við bætist ný málsgrein er verði 4. mgr., svohljóðandi:
Frestur til þess að skjóta máli til ráðherra skv. 1.–3. mgr. er 30 dagar frá því að ákvörðun var tilkynnt fasteignasala.
7. Við 27. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fasteignasala sem hættir störfum er þó alltaf skylt að bæta tjón sem viðskiptamaður hans verður fyrir við það að ólokið er frágangi samninga eða skjala eða uppgjöri vegna viðskipta sem viðskiptamaðurinn hefur greitt fyrir.
8. Við 30. gr.
 - a. Í stað dagsetningarinnar „1. júlí 2004“ í 1. málsl. 1. mgr. komi: 1. október 2004.
 - b. Í stað dagsetningarinnar „1. janúar 2005“ í 2. málsl. 1. mgr. komi: 1. apríl 2005.
9. Við bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:
Lög þessi skulu endurskoðuð fyrir 1. janúar 2008. Við þá endurskoðun skal sérstaklega kanna hvort ástæða sé til að mæla áfram fyrir um skylduaðild að Félagi fasteignasala, hvort markmið með eftirlitskerfi III. kafla laganna hafi náðst og hvort efni séu til að lækka eftirlitsgjald skv. 2. mgr. 19. gr.